

SÖNGBÓK



AÐALFUNDUR
SKÓGRÆKTARFÉLAGS
ÍSLANDS

Kvæði	Bls.	Fyrsta lína	Bls.
Að lífið sé skjálfandi	9	Að lífið sé skjálfandi...	9
Á Sprengisandi	7	Bjartar vonir vakna	18
Ég er kominn heim	15	Enn birtist mér...	17
Fram í heiðanna ró	13	Er ég kom fyrst...	14
Frjálst er í fjallasal	12	Er kyn þótt skógarmenn...	6
Hafið eða fjöllin	14	Er völlum grær og vetur...	15
Hliðin mín fríða	19	Fram í heiðanna ró	13
Hrislan og lækurinn	4	Frjálst er í fjallasal	12
Hver á sér fegra föðurland	19	Fyrr var oft í koti kátt	5
Í Hlíðarendakoti	5	Gott átt þú hrisla...	4
Játning	17	Hvað er svo glatt...	3
Krummavísa	3	Hliðin mín fríða	19
Kötukvæði	16	Hver á sér fegra föðurland	18
Litla flugan	12	Krummi krunkar úti	3
Nú er sumar	8	Lækur tífar létt um máða...	12
Sá ég spóa	7	Nú er sumar	8
Skógarmannaskál	6	Ríðum, ríkum, rekum	7
Vertu til er vorið ...	8	Sá ég spóa	7
Vér göngum svo léttir	10	Vertu til er vorið ...	8
Viltu með mér vaka	17	Vér göngum svo léttir	10
Visur Íslendinga	3	Viltu með mér vaka,,,	17
Vor við sæinn	18	Það liggur svo makalaust...	11
Það liggur svo makalust	11	Það var um kvöld eitt...	16
Þýtur í laufi	4	Þýtur í laufi...	4
Öxar við ána	8	Öxar við ána	10

Hliðin mín fríða*Jón Thoroddsen - F. Flemming*

Hliðin mín fríða
 hjalla meður græna
 og blágresið blíða
 og berjalautu væna,
 á þér ástaraugu
 ungur réð ég festa,
 blómmóðir besta!



Sá ég sól roða
 síð um þína hjalla
 og birtu boða
 brúnum snemma fjalla.
 Skuggi skaust úr lautu
 skreið und gráa steina,
 leitandi leyna.

Hver á sér fegra föðurland*Hulda - Emil Thoroddsen*

Hver á sér fegra föðurland,
 með fjöll og dal og bláan sand,
 með norðurljósa bjarmaband
 og björk og lind í hlíð?
 Með friðsæl býli, ljós og ljóð,
 svo langt frá heimsins vígaslóð.
 Geym, drottinn, okkar dýra land
 er duna jarðarstrið.



Vor við sæinn*Árni úr Eyjum—Oddgeir Kristjánsson*


Bjartar vonir vakna
í vorsins ljúfa blæ.
Bjarmar fyrir björgum,
við bláan sæ.

Fagur fuglasöngur
nú fyllir loftin blá,
brjóstin ungu bifast
af blíðri þrá.

Í æðum ólgar blóð
í aftansólarglóð,
ég heyri mildan hörpuslátt.
Ég heyri huldumál,
er heillar mína sál,
við hafið svalt og safirblátt.

Komdu vina kæra,
ó, komdu út með sjó.
Bylgjur klettinn kyssa,
í kvöldsins ró.

Viltu með mér vaka,
þú veist ég elska þig,
Komdu vina kæra
og kysstu mig.

**Vísur Íslendinga***Jónas Hallgrímsson - J.L. Heidberg*

Hvað er svo glatt sem góðra vina fundur,
er gleðin skín á vonarhýrri brá?
Eins og á vori laufi skryðist lundur,
lifnar og glæðist hugarkætin þá.
Og meðan þrúgna gullnu tárin glóa
og guðaveigar lífga sálaryl,
þá er það víst, að bestu blómin gróa
í brjóstum, sem að geta fundið til.

Það er svo tæpt að trúa heimsins glaumi,
því táradöggvar falla stundum skjótt,
og vinir berast burt á tímans straumi,
og blómin fölna á einni hélunótt.
Því er oss best að forðast raup og reiði
og rjúfa hvergi tryggð né vinarkoss,
en ef við sjáum sólskinsblett í heiði,
að setjast allir þar og gleðja oss.

Krummavísa*Þjóðvísa - íslenskt þjóðlag*

Krummi krunkar úti,
kallar á nafna sinn:
"Ég fann höfuð af hrúti,
hrygg og gæruskinn.
:,:Komdu nú og kroppaðu með mér
krummi nafni minn." :,:



Hríslan og lækurinn

Páll Ólafsson - Ingi T. Lárusson

Gott átt þú hrísla á grænum bala,
glöðum að hlýða lækjarnið.
Þið megið saman aldur ala,
unnast og sjást og talast við.
Það slitur ekkert ykkar fundi,
indæl þig svæfa ljóðin hans.
Vekja þig æ af blíðum blundi
brennandi kossar unnustans.

Svo þegar hnígur sól til fjalla,
sveigir þú niður limarnar
og lætur á kvöldin laufblað falla
í lækinn honum til ununar.
Hvíslar þá lækjar bláa buna
og brosandi kyssir laufið þitt:
"Þig skal ég ætíð, ætíð muna,
ástrika, blíða hjartað mitt!"



Þýtur í laufi

Tryggvi Þorsteinsson - Aldís Ragnarsdóttir

Þýtur í laufi, bálið brennur.
Blærin hvíslar: sofðu rótt.
Hljóður í hafið röðull rennur,
roðnar og býður góða nótt.
Vaka þá ennþá vinir saman
varðeldi hjá í fögrum dal.
Lífið er söngur, glaumur, gaman,
gleðin, hún býr í fjallasal.



Játning

Tómas Guðmundsson—Sigfús Halldórsson

Enn birtist mér í draumi sem dýrlegt ævintýr,
hver dagur, sem ég lifði í návist þinni.
Svo morgunbjört og fögur í mínum huga býr
hver minning um vor sumarstuttu kynni.

Og ástarljóð til þín verður ævikveðja mín,
er innan stundar lýkur göngu minni
þá birtist mér í draumi sem dýrlegt ævintýr,
hver dagur, sem ég lifði í návist þinni.

Viltu með mér vaka

Valborg E. Bentsdóttir—Henni Rasmus

Viltu með mér vaka í nótt,
vaka á meðan húmið hljótt
leggst um lönd og sæ,
lifnar fjör í bæ,
viltu með mér vaka í nótt?
Vina mín kær,
vonglaða mær,
ætið ann ég þér, ást þína veittu mér
aðeins þessa einu nótt.



Kötukvæði*Sigurður Ágústsson—Will Grosz*

Það var um kvöld eitt að Kötú ég mætti.
Hún var að koma af engjunum heim.
Það var í ágúst að áliðnum slætti
og nærri aldimmmt á kvöldunum þeim.

Hún var svo ung eins og angandi rósin.
Ég hafði aldrei séð hana fyrr.
Um vanga dönsuðu lokkarnir ljósir
og augun leiftruðu þögul og kyrr.

Hlýtt ég tók í hönd á Kötú,
horfði í augun djúp og blá.
Gengum síðan burt af götu,
geymdi okkur náttmyrkrið þá.

En þegar eldaði aftur og birti
í hjarta ákafan kenndi ég sting,
og fyrir augum af angist mér syrti.
Hún var með einfaldan giftingarhring.

**Í Hlíðarendakoti***Þorsteinn Erlingsson - Friðrik Bjarnason*

Fyrr var oft í koti kátt,
krakkar léku saman.
Þar var löngum hlegið hátt,
hent að mörgu gaman.
Úti' um stéttar urðu þar
einatt skrítnar sögur,
þegar saman safnast var
sumarkvöldin fögur.

Eins við brugðum okkur þá
oft á milli bæja
til að kankast eitthvað á
eða til að hlæja.
Margt eitt kvöld og margan dag
máttum við í næði
æfa saman eitthvert lag
eða syngja kvæði.

Bænum mínum heima hjá
Hlíðar brekkum undir
er svo margt að minnst á
margar glaðar stundir.
Því vill hvarfla hugurinn,
heillavinir góðir,
heim í gamla hópinn minn
heim á fornar slóðir.



Skógarmannaskál*Þorsteinn Valdimarsson - Ítalskt lag (Avanti Popolo)*

Er kyn, þótt skógarmenn og konur drekki?
 Ég held nú ekki, ég held nú ekki!
 Er kyn, þótt skógarmenn og konur drekki?
 :,: Ég held nú ekki! Það er sjálfsagt mál:,:
 að systkin Pans þau uni best við söng og skál.

Þau dafna blessuð trén, sem daga og nætur
 um djúpar rætur, um djúpar rætur-
 þau dafna blessuð trén, sem daga og nætur
 :,: um djúpar rætur teygja jarðar mjöð:,:
 og kenna sér aldrei meins, en eru kennd og glöð.

Og lærdóm tökum við af trjáanna dæmi.
 Ef til þess kæmi, ef til þess kæmi-
 Og lærdóm tökum við af trjáanna dæmi.
 :,:-Ef til þess kæmi, að öll skógartré:,:
 þau hættu að drekka, hvað haldið þið að myndi ske?

Æ, líf og heimsmenning þau hlytu að kvolast
 og hrörna og skolast, og hrörna og skolast-
 æ, líf og heimsmenning þau hlytu að kvolast
 og :,:hrörna og skolast út í grænan sjó:,:
 Því tæmum við líka glas með okkar glaða skóg.

**Ort fyrir síðsumarfagnað skógræktarfélks
 á Hallormsstað í ágúst 1959**

**Ég er kominn heim***Jón Sigurðsson—Emmerich Kálmán*

Er völlur grær og vetur flýr
 og vermir sólin grund.
 Kem ég heim og hitti þig
 verð hjá þér alla stund.


Við byggjum saman bæ í sveit
 sem brosir móti sól.
 Þar ungu lífi landið mitt
 mun ljá og veita skjól.

Sól slær silfri á voga
 sjáðu jökulinn loga.
 Allt er bjart fyrir okkur tveim
 því ég er kominn heim.

Að ferðalokum finn ég þig
 sem ég fagnar höndum tveim.
 Ég er kominn heim,
 já, ég er kominn heim

Sól slær silfri á voga
 sjáðu jökulinn loga.
 Allt er bjart fyrir okkur tveim
 því ég er kominn heim.

Að ferðalokum finn ég
 þig
 sem ég fagnar höndum
 tveim.
 Ég er kominn heim,
 já, ég er kominn heim.



Hafið eða fjöllin*Ólafur Ragnarsson*

Er ég kom fyrst á þennan stað,
ekki leist mér beint á það
fólk vann hér alla daga
við störfín hér og þar - hér og þar.

Ég kynntist fólkinu
og ég kunni vel við það,
en tíminn hann flaug áfram
og ég yfirgaf þennan stað.

En er ég kom svo aftur,
ekkert hafði breyst
frá því ég var hér síðast -
ekkert breyst - ekkert breyst.

Viðlag:

Er það hafið eða fjöllin
sem að laða mig hér að
eða er það kannski fólkið
á þessum stað – á þessum stað.

Hér á ég nokkra vini og marga kunningja
sem eru mér ósköp góðir
allt fyrir mig gera.

Fáir svartir sauðir
búa í þessum bæ
allt leikur hér í lyndi -
í þessum bæ - í þessum bæ

4 x Viðlag...

**Á Sprengisandi***Grímur Thomsen - Sigvaldi S. Kaldalóns / Sigfús Einarsson*

Ríðum, ríðum, rekum yfir sandinn,
rennur sól á bak við Arnarfell.
Hér á reiki' er margur óhreinn andinn,
úr því fer að skyggja á jökulsvell.
:::Drottinn leiði drösulinn minn,
drjúgur verður síðasti áfanginn.::

Þei, þei! Þei, þei! Þaut í holti tófa,
þurran vill hún blóði væta góm,
eða líka einhver var að húa
undarlega digrum karlaróm.
:,:Útilegumenn í Ódáðahraun
eru kannski' að smala fé á laun.::

Ríðum, ríðum rekum yfir sandinn,
rökkrið er að síga' á Herðubreið.
Álfadrottning er að beisla gandinn,
ekki' er gott að verða á hennar leið.
:::Vænsta klárinn vildi ég gefa til
að vera kominn ofan í Kiðagil.::

Sá ég spóa*Ókunnur höfundur - íslenskt þjóðlag*


Sá ég spóa suð'r í flóa,
syngur lóa úti í móa.
Bí-bí-bí-bí.
Vorið er komið víst á ný.

Nú er sumar*Steingrímur Thorsteinsson - erlent lag*

Nú er sumar,
gleðjast gumar,
gaman er í dag;
brosir veröld víða,
veðurlagsins blíða
eykur yndishag.

Látum spretta
spori létta,
spræka fáka nú;
eftir sitji engi,
örvar víf og drengi
sumarskemmtun sú.

Tíminn liður,
tíminn býður
sælan sólskinsdag.
Yndi er úti á grundum,
yndi, heim þá skundum,
seint um sólarlag.

**Vertu til er vorið kallar á þig***Tryggvi Þorsteinsson - rússneskt þjóðlag*

Vertu til er vorið kallar á þig,
vertu til að leggja hönd á plóg.
∴ Komdu út því að sólskinið vill sjá þig
sveifla haka og rækta nýjan skóg. ∴

**Fram í heiðanna ró***Friðrik A. Friðriksson - Daniel E. Kelley*

Fram í heiðanna ró
fann ég bólstað og bjó,
þar sem birkið og fjalldrapinn grær.
Þar er vistin mér góð,
aldrei heyrir þar hnjóð,
þar er himinninn víður og tær.


Viðlag:

Heiðarbóli ég bý
þar sem birkið og fjalldrapinn grær.
Þar er vistin mér góð,
aldrei heyrir þar hnjóð,
þar er himinninn víður og tær.

Mörg hin steinhljóðu kvöld
upp í stjarnanna fjöld
hef ég starað með spyrjandi þrá.
Skyldi' ei dýrðin í geim
bera' af dásemdum þeim,
sem vor draumfagri jarðheimur á?

Viðlag...

Þetta loft er svo tært.
Finnið þytmjúkan þey.
Hve hann þyrlar upp angan úr mó!
Nei, ég vildi' ekki borgir
né blikandi torg
fyrir býlið í heiðanna ró.

Viðlag...

Frjálst er í fjallasal*Steingrímur Thorsteinsson - Kublau*

Frjálst er í fjallasal,
fagurt í skógardal,
heilnæmt er heiðloftið tæra.
Hátt yfir hamrakór
himinninn blár og stór,
lyftist með ljóshvolfið skæra.

Hér uppi í hamraþröng
hefjum vér morgunsöng,
glatt yfir góðvætta hörgum:
Viður vor vökuljóð
vakna þú, sofin þjóð!
Björt ljómar sól yfir björgum.

Er sem oss ómi mót
Íslands frá hjartarót
bergmálsins blíðróma strengir.
Söngbylgjan hlið úr hlið
hljómandi, sigurblið,
les sig og endalaust lengir.

Litla flugan*Sigurður Eliasson - Sigfús Halldórsson*

Lækur tifar létt um máða steina.
Lítil fjóla grær við skriðufót.
Bláskel liggur brotin milli hleina.
Í bænum hvílir íturvaxin snót.



Og ef ég væri orðin lítil fluga
Ég inn um gluggann þreytti flugið mitt.
Og þó ég ei til annars mætti duga
Ég eflaust gæti kitlað nefið þitt.

Að lífið sé skjálfandi*Sigurður Þórarinnsson - Schubert*

Að lífið sé skjálfandi lítið gras,
má lesa í kvæði eftir Matthías.
En allir vita hver örlög fær
sú urt sem hvergi í vætu nær.

Viðlag:

Mikið lifandi skelfingar ósköp er gaman
að vera svolítið hifaður.

Það sæmir mér ekki sem Íslending
að efast um þjóðskáldsins staðhæfing.
En skrælna úr þurrki ég víst ei vil
og vökva því lífsblómið af og til.

Nú þekkist sú skoðun og þykir fin
að þetta vort jarðlíf sé ekkert grín.
Menn eiga að lifa hér ósköp trist
og öðlast í himninum sæluvist.

En ég verð að telja það tryggara
að taka út forskot á sæluna,
því fyrir því fæst ekkert garanti
að hjá Guði ég komist á fylleri.



Vér göngum svo léttir*Freysteinn Gunnarsson - Felix Körling*

Vér göngum svo léttir í lundu,
því lífsgleðin blasir oss við.
Vér lifum á líðandi stundu
við lokkandi söngvanna klið
Tra-la-la-la-la-la — o.s.frv.

Vér göngum og syngjum hér saman,
því söngurinn, hann er vort mál,
og nú verður glaumur og gaman,
nú gleðjist hver einasta sál!
Tra-la-la-la-la-la — o.s.frv.

Öxar við ána*Steingrímur Thorsteinsson - Helgi Helgason*

Öxar við ána
árdags í ljóma
upp rísi þjóðlið og skipist í sveit.
Skjótum upp fána,
skært lúðrar hljóma,
skundum á Þingvöll og treystum vor heit.
Fram, fram, aldrei að víkja!
Fram, fram, bæði menn og fljóð.
Tengjumst tryggðaböndum,
tökum saman höndum,
stríðum, vinnum vorri þjóð.

**Það liggur svo makalaust***Bjarni Þorsteinsson*

Það liggur svo makalaust ljómandi á mér,
mér líkar svo vel hvernig heimurinn er,
mér sýnist allt lífið svo ljómandi bjart
og langar að segja svo dæmalaust margt.

Viðlag:

Hæ, dúllía, dúllía, dúllía, dæ,
hæ, dúllía, dúllía, dúllía, dæ.
Mér sýnist allt lífið svo ljómandi bjart
og langar að segja svo dæmalaust margt.

Það skilst varla hjá mér eitt einasta orð,
mér allt sýnist hringsnúast, stólar og borð.
Minn hattur er týndur og horfið mitt úr.
Ég held ég sé kominn á sjóðandi túr.

Hæ, dúllía...

Samt líð ég hér áfram í indælis ró,
í algleymis dillandi löngunarfró.
Já, þetta er nú algleymi, ef algleymi er til
því ekkert ég man eða veit eða skil.

Hæ, dúllía...